

Byltingarárin 1945–1970

Höfundurinn **Jón Kalmann Stefánsson** segir í ritinu *Skáld um skáld* (rit gefið út í til-
efni af viku bókarinnar 2003)

„Atómskáldin voru í eina tíð mín klassík. Ljóðræn kyrrð, allt að því þögn Stefáns
Harðar, íhugun Sigfúsar blandin örvæntingu og ísmeygilegri gamansemi, og síðan
kvæði Hannesar Sigfússonar; myndauðgi þeirra og ljóðrænt vænghafið lyfti skynj-
uninni upp í blátt loftið.“

Og:

„*Óp bjöllunnar* máði út skilin milli ljóðs og prósa, og það var mikilvæg uppgötvun“,

Vertu þér úti um ljóðabækur „atómskáldanna“ sem Jón Kalmann nefnir og rit Thors
Vilhjálmssonar, *Óp bjöllunnar*, og prófaðu að sannreyna þessi orð hans eða komast að
annarri niðurstöðu. Skrifðu upp brot úr verkunum og útskýrðu.